

**Forsendur kostnaðaráætlunar um djúpbörun
í Vík í Mýrdal**

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-84-03

FORSENDUR KOSTNAÐARÁÆTLUNAR UM DJÚPBORUN Í VÍK Í MÝRDAL.

Kostnaðaráætlun Jarðborana ríkisins um djúpbörðun í Vík í Mýrdal er annars vegar miðuð við að boruð verði með Narfa 1400 m djúp hola, fóðruð í 100 m, og hins vegar með Dofra 2000 m djúp hola, fóðruð í 800 m. Kostnaður yrði í fyrra tilfellingu rúmar 8 milljónir kr og því síðara tæpar 14 milljónir kr á verðlagi 1. ársfjórðungs 1984. Áætlunin er við það miðuð að afla upplýsinga um hita og vatnsæðar niður á umrætt dýpi með eins ódýrum holum og kostur er á. Við áætlanagerð var stuðst við holu 1 varðandi jarðlög, vatnsæðar og hita. Lágmarksfóðring fyrir rannsóknarholu er um 100 m til að útiloka kalt vatn og hrun, en nauðsynlegt gæti reynst að styrkja holuveggi neðar með steypu og jafnvel fóðra mun dýpra af þeim sökum. Ef á að afla hitaveituvatns, þarf örugglega að fóðra mun dýpra. Hér er gert ráð fyrir fóðrun í 800 m. Það kann að vera vel í lagt, en þó ekki óraunhæft. Vart verður komið í 50°C hita fyrr en á 800 m dýpi og því hætta á kælingu ef vatnsæðar finnast ofar í berginu.